

# Auðmýkjandi og andlega heilsuspillandi?

Viðbrögð lækna við skeleggri ritstjórnargrein um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja

## RITSTJÓRNARGREIN

Sigurbjörns Sveinssonar formanns Læknafélags Íslands í síðasta tölublaði Læknablaðsins (Læknablaðið 2004; 90: 293) vakti verðskuldaða eftirtekt enda fjallaði hann þar um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja sem notið hafa mikillar athygli í fjölmiðlum. Greinin bar fyrirsögnina „Mál er að linni“ og í henni hvatti formaðurinn til þess að tengsl risnu og fræðslu lækna yrðu rofin enda væru þau „í senn auðmýkjandi og andlega heilsuspillandi“, að því ógleymdu að þau gætu að nauðsynjalausu valdið trúnaðarbresti milli lækna og almennings.

Læknablaðinu lék hugur á að vita hvað læknum þótti um þessi skrif formanns síns og leitaði því til tveggja forystumanna sérgreinafélaga, **Elínborgar Bárðardóttur** formanns Félags íslenskra heimilislækna og **Runólfs Pálssonar** formanns Félags íslenskra lyflækna, og **Arnórs Víkingssonar** formanns Fræðslustofnunar lækna. Birtast svör þeirra hér í opnunni.



## Hrindir af stað nauðsynlegri umræðu meðal lækna

Grein Sigurbjörns Sveinssonar, formanns Læknafélags Íslands, í Læknablaðinu er tímabær í ljósi þess að á undanförunum árum hefur verið vaxandi umræða í samfélaginu vegna samskipta lækna og lyfjafyrirtækja. Einnig hefur verið talsverð umræða meðal lækna um þetta mál.

Læknar og lyfjafyrirtæki hafa það sameiginlega markmið að stuðla að framförum í læknavísindum og hefur samstarf þeirra leitt til þróunar lyfja sem hafa stórbætt meðferð margra sjúkdóma. Því er ekki óeðlilegt að læknar og lyfjaiðnaðurinn sameini krafta sína varðandi fræðslu- og vísindastarfsemi. Á hinn bóginn hafa læknar og lyfjafyrirtæki hagsmuni og skyldur sem ekki fara alltaf saman því frumskylda lækna er að gæta hagsmuna sjúklinga sinna og samfélagsins en fyrirtækin hafa það takmark að skila sem mestum hagnaði. Þetta veldur augljóslega hættu á hagsmunaárekstrum í samskiptum þessara aðila.

Ég get tekið undir með formanni LÍ að fræðlustarf sem lyfjafyrirtæki skipuleggja fyrir lækna sé óæskilegt þar sem það getur haft tilheingingu til að vera hlutdrægt. Einnig er ég sammála því að risna eða gjafir sem læknar þiggja frá lyfjafyrirtækjum séu almennt ekki við hæfi því slíkt gæti dregið úr trausti almennings til lækna. Hins vegar tel ég ekkert mæla gegn því að lyfjafyrirtæki styrki fræðlustarfsemi á vegum lækna eða fagfélaga þeirra ef þess er gætt að skipulag, innihald fræðsluefnis og flutningur sé í höndum þeirra sjálfra, án íhlutunar frá fyrirtækjum. Ég tek einnig undir með formanni LÍ að auka þurfi hlut fagfélaga lækna og opinberra styrkveitinga í fjármögnun fræðlustarfsemi til að stuðla að auknu sjálfstæði lækna á þessum vettvangi. Opinbert fé til þessa málaflökks mun þó seint geta staðið undir fræðlustarfsemi og símenntun lækna og því tel ég mikilvægt að þeirri ágætu samvinnu sem ríkt hefur milli lækna og lyfjafyrirtækja á þessu sviði verði fram haldið.

Margir læknar hafa haldið því fram að samskipti þeirra við lyfjafyrirtæki hafi engin áhrif á ávísanavenjur þeirra og álíta samning milli LÍ og Samtaka verslunarinnar veita nægilega leiðsögn. Nýlegar rannsóknir benda þó til að móttaka gjafa frá lyfja-

fyrirtækjum geti haft áhrif á ákvarðanir lækna við meðferð sjúklinga. Eins og önnur fyrirtæki þurfa lyfjafyrirtæki að koma framleiðslu sinni á framfæri. Afar mikilvægt er að um lyfjakynningar gildi reglur sem tryggja að þær séu ábyrgar, óvilhallar og lausar við að vera áróðurskenndar. Auk þess verða læknar sjálfir að búa yfir faglegri færni til að meta slíkar upplýsingar sem og aðrar læknisfræðilegar upplýsingar á gagnrýninn hátt. Læknar hafa einnig greiddan aðgang að vönduðum, hlutlausum upplýsingum um lyf og er þýðingarmikið að þeir byggji á slíkum upplýsingum í starfi sínu. Loks er útgáfa klínískra leiðbeininga með umfjöllun um skynsamlega lyfjanotkun gagnleg fyrir lækna.

Leiðbeiningar um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja sem er að finna í Samningi LÍ og Samtaka verslunarinnar frá árinu 2000 eru ekki nægilega sértækar að mínu mati. Samtök lækna víða um heim hafa sett fram skýrar reglur og leiðbeiningar um hvernig þessum samskiptum skuli háttað. Í umfjöllun American College of Physicians-American Society of Internal Medicine um þetta málefni sem birtist í *Annals of Internal Medicine* árið 2002, var annars vegar fjallað um samskipti lyfjafyrirtækja við einstaka lækna og hins vegar um samskipti þeirra við kennslustofnanir og fagfélög lækna. Þar eru settar fram skýrar leiðbeiningar um samskipti í tengslum við lyfjakynningar, fræðslumál og vísindastarfsemi. Á sama hátt verður að gera ríkar kröfur til að lyfjafyrirtæki fylgi reglum um vandaða starfshætti við markaðssetningu lyfja. Víða erlendis finnast reglur um starfshætti lyfjafyrirtækja sem kveða fastar á um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja en samningur LÍ og Samtaka verslunarinnar gerir. Nefna má að í Frakklandi hafa verið sett lög um þessi samskipti.

Þannig tel ég að formaður LÍ hafi með grein sinni hrint af stað nauðsynlegri umræðu sem ætti að verða læknum og lyfjafyrirtækjum til hagsbóta. Undirritaður telur mikilvægt að Læknafélag Íslands og fagfélög lækna fjalli um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja á vandaðan og ítarlegan hátt og setji fram skýrar leiðbeiningar um hvernig þessum samskiptum skuli háttað.

**Runólfur Pálsson**

formaður Félags íslenskra lyflækna